MORGUNBLAÐIÐ FÖSTUDAGUR 26. APRÍL 2013

„Strandveiðar eða makríll? Þar er efinn“

● Fiskistofa hefur fengið 221 umsókn um strandveiðileyfi ● 95 umsóknir um krókaveiðar á makríl ● Makrílkvóti smábáta aukinn í 3.200 tonn ● Erfitt að gera upp á milli strandveiða og makríls

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Strandveiðar mega hefjast á fimmtudag í næstu viku, 2. maí, og hafði Fiskistofu borist 221 umsókn eftir hádegi á miðvikudag. Þá höfðu borist 95 umsóknir um handfæra- og línuveiðar á makríl og er greinilegt að það vefst fyrir mörgum útgerðarmönnum minni bátanna á hvorn veiðiskapinn þeir eiga að veðja í sumar. „Strandveiðar eða makrílveiðar? Þar er efinn,“ segir á Twitter-síðu Fiskistofu, þar sem hægt er að fylgjast með umsóknum og umræðum um þessar veiðar.

Bátarnir mega ekki stunda aðrar veiðar samhliða strandveiðum og segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, að það komi sér ekki á óvart að ýmsir eigi erfitt með að gera upp á milli strandveiða og makríls. Hann gerði lauslega könnun meðal félagsmanna sambandsins í vetur um hversu margir hygðu á makrílveiðar og í ljós hefði komið að rúmlega 100 bátum var stefnt á makríl í sumar.

„Allt er þetta spurning um afkomu og mögu-



Morgunblaðið/Sigurður Ægisson

Sumar Strandveiðar í mynni Eyjafjarðar. Til að komast í strandveiði þarf að greiða 72.000 kr.

legt aflaverðmæti,“ segir Örn. „Í fyrra jókst fjöldinn á strandveiðum á ný og 760 bátar fengu leyfi til strandveiða. Í fyrra voru hins vegar aðeins 16 krókabátar á makríl og ég hef trú á mikilli aukningu í þessum flokki. Gangi könnunin eftir verður ljóst að smábátar gera sig vel gildandi í makrílveiðum með nýtingu grunnslóðarinnar þar sem veiðar með stórvirk veiðarfæri eru bannaðar.

Fjölgun báta á makrílveiðum tel ég nauðsynlega þannig að útgerðarformið verði sem fjölbreyttast og hámarksverðmæti fáist fyrir makrílinn. Ef hátt í 100 bátar fara á makrílinn í sumar gæti það leitt til þess að fjöldinn á strandveiðum færi undir 700,“ segir Örn.

Flestir á vestursvæðinu

Makrílkvóti smábáta var aukinn verulega í ár og mega þeir nú veiða 3.200 tonn á móti 1100 tonnum sem veiddust í fyrra. Hugsanlega gætu menn farið á makríl þegar strandveiðileyfi renna út í lok ágúst, en þá er ekki á vísan að róa með hversu mikið verður eftir af makrílkvótanum.

Eins og áður eru flestar umsóknir um strandveiðileyfi á vestursvæðinu, þ.e. frá Borgarbyggð vestur til Súðavíkur. Gjald fyrir strandveiðileyfi er 22 þúsund krónur, en auk þess sér Fiskistofa um innheimtu sérstaks strandveiðigjalds sem er 50 þúsund á leyfi. Til þess að virkja strandveiðileyfi þarf því að greiða 72 þúsund. Veiðigjald er 9,50 kr. á hvert þorskígildiskíló sem veitt er og verður það innheimt í haust. Fari afli umfram 30 þorskígildistonn ber auk almenns veiðigjalds að greiða hálft sérstakt veiðigjald.